

**AUGLÝSING**

**um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Hrafnagils-  
hrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjarðarsýslu.**

Nafn hins nýja sveitarfélags (hrepps) skal vera Eyjafjarðarsveit.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1990.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

**AUGLÝSING**

**um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1991.**

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988 og 26. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1988, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1991 verið ákveðið 6,99%.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1990.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Snorri Olsen.*

**REGLUGERÐ**

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanapjónustu  
fyrir aldraða.**

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

- Í 5. gr. komi kr. 21 500 í stað kr. 19 000.
- Í 6. gr. komi kr. 21 500 í stað kr. 19 000.
- Í 10. gr. komi kr. 17 300 í stað kr. 15 300.
- Í 14. gr. komi kr. 17 300 í stað kr. 15 300.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30., sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 öðlast gildi 1. janúar 1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. desember 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*